

Nd.

32. Frumvarp

til laga um verðtoll.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Af öllum vörum, er flytjast til Íslands frá útlöndum, hvort heldur verslunarvörum eða öðrum vörum, skal viðtakandi greiða gjald í landssjóð, 3 af hundraði af hreinni verðhæð vörunnar í umbúðum.

Undanþegið verðtolli er: heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna og bækur og blöð. Svo eru og undanþegin tollinum skip, sem siglt er hingað til lands.

2. gr.

Tollinn skal ákveða eftir kaupreikningi (faktura), er ávalt fylgi vöru-sendingu hverri, enda sje höfð hliðsjón af vöruskrá skips, tilvísunarbrjefum og öðrum skipsskjölum, og viðtakandi skyldur að láta tollheimtumanni í tje dreng-skapar- og samviskuvottorð um vöruna. Tollheimtumanni er heimilt að skoða kaupreikninga og verslunarbækur viðtakanda á heimili hans eða skrifstofu.

Skipstjóra er skylt, áður en byrjað er að flytja vörur úr skipi, að láta tollheimtumanni í tje staðfest eftirrit af vöruskrá skipsins og æru- og sam-viskuvottorð um, að hann hafi ekki meðferðis aðrar vörur en taldar eru á skránni.

3. gr.

Nú fylgir kaupreikningur ekki vörusendingu eða vöru er ekki getið í kaupreikningi, og skal þá tollheimtumaður eða umboðsmaður hans kyrsetja vöruna á kostnað viðtakanda þangað til kaupreikningur er sýndur, nema því að eins að viðtakandi setji tryggingu, sem tollheimtumaður telur nægja.

Nú kemur kaupreikningur ekki fram, enda viðtakanda ekki sök á því gefandi, og metur tollheimtumaður þá vöruna til verðs, nema viðtakandi æski mats á venjulegan hátt.

Sanni viðtakandi eftir á, að matsverðið sje of hátt, skal endurgreiða honum toll af mismun matsverðs og sannverðs.

4. gr.

Nú þykir verð á vöru óeðlilega lágt, og skal þá meta vöruna á sama hátt og segir í 3. gr.

Nú reynist verð í kaupreikningi sett of lágt í undandráttarskyni, og greiðir viðtakandi þá þrefaldan toll af upphæð þeirri, er reynt var að draga undan.

5. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um tollheimtuna, og má það meðal annars ákveða, að póstmenn hafi á hendi tollheimtu og reikningsskil fyrir toll af vörum þeim, sem sendar eru sem póstsendingar.

Stjórnarráðið löggildir umboðsmenn tollheimtumönnum til handa, og skal þess gætt, að þeir fái ekki við verslun. Stjórnarráðið setur umboðs-mönnum erindisbrjef, og skal meðal annars tiltekið í því, hver þóknun þeirra sje, en hún má vera alt að 1% af tolli þeim, er þeir innheimta. Umboðs-mennirnir skulu vinna skriflega eið að sýslan sinni, og sæta ábyrgð samkv. 13. kap. hegningarlaganna fyrir brot á starfskyldum sinum.

6. gr.

Tollheimtumanni bera 3 af hundraði sem innheimtulaun.

7. gr.

Nú sýnir viðtakandi eigi kaupreikning, og er það sjálfrátt eða verð

reynist of lágt sett í undandráttarskyni, og sætir viðtakandi þá, auk áður nefndra viðurlaga, alt að 1000 kr. sekt.

8. gr.

Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna svo sem til er tekið í lögum nr. 54, 11. júlí 1911, að svo miklu leyti sem þau eiga við, og um skil fyrir henni eftir reglugjörð 13. febr. 1872 um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi.

9. gr.

Brot á lögnum sæta meðferð almennra lögreglumála og sektir renna í landssjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.